

Fimmtudaginn 19. október 1989.

Nr. 184/1989. **Ákærvaldið**(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn**Gunnlaugi Marteini Símonarsyni**

(Jón Oddsson hrl.).

Bifreiðir. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Ríkissaksóknari skaut hinum áfrýjaða dómi til Hæstaréttar með stefnu 12. apríl 1989 að ósk ákærða, en einnig af ákærvaldsins hálfu til „þyngingar á refsingu og lengingar ökuleyfisviptingar“. Við munnlegan málf lutning fyrir Hæstarétti féll ríkissaksóknari frá kröfu um lengingu ökuleyfisviptingar.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara með skírskotun til forsendna hans. Atferli ákærða varðaði við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., þágildandi umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. nú 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sem dæma ber eftir samkvæmt 2. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Með hliðsjón af 1. mgr. 100. gr. laga nr. 50/1987 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 28.000,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 14 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa. Samkvæmt 2. mgr. 102. gr. laga nr. 50/1987 þykir ökuleyfisvipting ákærða réttilega ákveðin í héraðsdómi.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Jafnframt er ákærði dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gunnlaugur Símonarson, greiði 28.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 14 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og sakarkostnað skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. nóvember 1988.

Ár 1988, mánudaginn 14. nóvember, var á dómþingi sakadóms, sem háð var að Borgartúni 7 í Reykjavík af Ármanni Kristinssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í máli nr. 663/1988: Ákærvaldið gegn Gunnlaugi Marteini Símonarsyni, sem tekið var til dóms 11. nóvember 1988.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 20. janúar 1988, gegn ákærða, „Gunnlaugi Marteini Símonarsyni, Hábergi 4, Reykjavík, fæddum 29. júní 1952, í Keflavík, fyrir að aka laugardaginn 11. október 1986 undir áhrifum áfengis bifreiðinni G 12548 stuttan spöl á Botnsheiði í Ísafjarðarsýslu, þar til lögregla stöðvaði akstur hans.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr., umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1979, 13/9 í Reykjavík. Sátt: 120.000,00 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. og 24. gr. áfl. Ökuleyfissv. í 12 mán. frá 21.8 1979.

Samkvæmt skýrslu Gísla B. Árnasonar lögregluvarðstjóra eru atvik málsins á þessa lund:

Laugardaginn 11.10 1986 klukkan 23.22 var undirritaður á leið frá Suðureyri á lögreglubifreiðinni Í 1101 ásamt lögreglumanni nr. 17, og vorum við komnir upp í miðja Botnsheiði á leið til Þingeyrar. Veittum við þá athygli bifreiðinni G 12548 á miðjum veginum fyrir framan okkur, og spólaði hún á hálku. Höfðum við tal af ökumanni, sem kvaðst heita Gunnlaugur Símonarson, Hábergi 4, Reykjavík. Er verið var að ræða við ökumann, fundum við mjög sterkan áfengisþef leggja frá vitum hans. Færðum við hann þá yfir í lögreglubifreiðina, þar sem hann viðurkenndi að hafa neytt áfengis. Einnig voru farþegar bifreiðarinnar, þeir Geir Mikael Antonsson, Borgarbraut 41, Borgarnesi, og Niels Jörgensson, Nuuk, Grænlandi, færðir yfir í lögreglubifreiðina og ekið yfir á Ísafjörð. Í samtali við

Gunnlaug Símonarson kom fram, að hann hefði verið nýbúinn að taka við stjórn bifreiðarinnar úr höndum Geirs Bjarnasonar og verið búinn að aka um 100 metra, þegar lögreglan kom. Hann kvaðst hafa tekið við stjórn bifreiðarinnar vegna þess, að honum fannst Geir Bjarnason ekki vera nógu klár að aka í hálfu, en ekki ætlað að aka bifreiðinni, aðeins að koma henni yfir hálkukaflann.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar á Ísafirði 18. október 1986 var eftirfarandi skráð eftir ákærða um atvik máls þessa:

„Þennan umrædda dag, hinn 11.10. '86, um kl. 16-17 samdi ég um það við eiganda bifreiðarinnar G 12548, Óla K. Ólsen, að fá bifreiðina að láni, en ætlunin var að fara til Ísafjarðar einhvern tíma síðar þennan dag.

Það var síðan um kvöldið um kl. 21.45, að ég hafði fengið bílstjóra á bifreiðina, en sjálfur var ég drukkinn. Bílstjóri þessi var Geir Bjarnason. Ég spurði hann, hvort hann væri ódrukkinn og hvort hann væri til í að aka mér og félögum mínum til Ísafjarðar.

Við fórum síðan í bifreiðina ásamt þeim Geir Antonssyni og Niels Jørgenssyni. Farið var fyrst á bensínstöð á Suðureyri og tekið þar bensín á bifreiðina. Síðan var lagt af stað til Ísafjarðar, og ók Geir Bjarnason. Gekk ferðin vel, þar til við vorum komnir áleiðis upp Botnsdalinn á stað rétt ofan við svonefnt Leiti. Þar var orðin talsverð hálfka og bifreiðin illa útbúin til aksturs við slíkar aðstæður. Er þarna var komið, komst bifreiðin ekki lengra og spólaði. Varð ég þá var við bifreið, sem kom á eftir okkur upp dalinn, og sá, að við yrðum hindrun fyrir akstur þeirrar bifreiðar. Ég sat í framsæti við hlið ökumanns. Þar sem ég var mjög illa skóaður til að ganga í hálfu, eins og þarna var, sagði ég við hina að fara út úr henni og ýta bifreiðinni út af. Sjálfur færði ég mig til og settist undir stýri bifreiðarinnar, sem hafði vél í gangi, og stýrði henni áfram og út í vegar-kantinn.

Ég notaði ekki vélarkraft bilsins, heldur ýttu þeir hinir bifreiðinni.“

Frekar spurður um þetta atriði svarar ákærði:

„Ég er ekki viss um, hvort ég gerði tilraun til þess að aka bifreiðinni, en ég vissi, að ekki væri unnt að aka lengra vegna hálkunnar. Það getur verið, að ég hafi þarna spólað eitthvað, en ég er viss um, að billinn hreyfðist ekki vegna eigin vélarafsls, heldur vegna þess, að honum var ýtt.

Á meðan á þessu stóð, kom síðan bifreiðin, sem ég hafði séð til skömmu áður. Reyndist þetta vera lögreglubifreið, og komu lögreglumenn að bílnum, þar sem ég sat undir stýri, og óskuðu eftir, að ég kæmi í lögreglubifreiðina, sem ég síðan gerði, en var skömmu síðar fluttur ásamt félögum mínum til Ísafjarðar og þar tekið úr mér blóðsýni til alkóhólrannsóknar.“

Aðspurður um áfengisneyslu skýrir ákærði svo frá:

„Ég byrjaði að drekka um miðjan daginn og var að drekka allt fram

að því, að lögreglan kom að mér. Ég drakk ekki mikið þennan tíma, en hafði átt tvær viskýflöskur, þegar ég byrjaði, og var eitthvað eftir í annarri, þegar lögreglan kom að mér. Ég hef örugglega ekki drukkið þetta allt einn, heldur ásamt kunningjum mínum. Ég var orðinn nokkuð ölvaður, þegar ég settist undir stýri, og fann talsvert til áfengisáhrifa.

Aðfaranótt laugardagsins 11.10. var ég á sjó og hef þá sofið mjög lítið. Ég kom í land upp úr hádegi og svaf ekki neitt, þar til ég byrjaði áfengisneyslu.“

Ákærði kom fyrir dómþing sakadóms Reykjavíkur, sem háð var af Höllu Bachmann Ólafsdóttur dómarafulltrúa 4. janúar 1988, en ríkissaksóknari hafði fyrir sitt leyti samþykkt, að málinu yrði lokið með dómsátt. Á dómþinginu var eftirfarandi bókað eftir ákærða:

„Kærði kveðst hafa verið farþegi í bifreiðinni G 12548 hinn 11.10. 1986, þar sem henni var ekið upp Botnsheiði af Geir Bjarnasyni. Kærði kveður ofankomu hafa verið mjög slæma (sic) á þessum stað og bifreiðina ekki undir það búna. Kærði kveður bifreiðina hafa spólað og þeir þá tekið eftir annarri bifreið, sem á eftir kom. Þar sem þeir hafi gert sér ljóst, að hún kæmist ekki áfram, og þeir valdið henni hættu, ef þeir yrðu áfram á veginum, hafi Geir reynt að koma henni út í kantinn. Það hafi gengið erfiðlega og kærði þá boðist til að setjast undir stýri og bent hinum á að fara út og ýta, svo að auðveldara væri að koma bifreiðinni út í vegarkantinn við þessar erfiðu aðstæður. Kærði kveðst hafa verið illa skóaður og því ekki getað ýtt bifreiðinni. Hinir þrír hafi allir farið út og ýtt og hann reynt að koma bifreiðinni út á vegkantinn. Það hafi á endanum tekist, en þá hafi bifreiðin, sem þeir höfðu áður séð, komið þar að og reynst vera lögreglu-bifreið. Kærði kveðst hafa neytt áfengis, áður en hann tók við stjórn bifreiðarinnar. Sér hafi tekist að koma bifreiðinni út fyrir veg, þar sem hann var breiðari og sást til beggja átta. Þeir hafi ýtt bifreiðinni og hann stýrt, en ekki ekið henni. Kærði kveðst einungis hafa gert þetta, þar sem aðstæður hafi verið jafnerfiðar og hættulegar og raun ber vitni og bifreiðar manna í hættu, m.a. þeirra, sem á eftir komu. Kærði kveðst aldrei hafa sest undir stýri, ef hann hefði ekki verið jafnilla skóaður og ófær um að ýta bifreiðinni. Kærði kveðst ekki geta sætt sig við að ljúka málinu með dómsátt, sektargreiðslu og ökuleyfissviptingu, þegar lítið sé til aðstæðna og hvaða hagsmunir hafi verið í húfi.“

Ákærða var birt ákæran í málinu á dómþingi sakadóms 12. febrúar 1988. Skýrði hann þá frá því, að önnur bifreið hefði nálgast bifreið sína, og til þess að koma í veg fyrir slys, hefði hann sest upp í bifreið sína og stýrt henni út í vegarkantinn, en hinir ýtt henni, hann enda verið illa skóaður. Ákærði kvaðst ekki muna, hvort vél bifreiðarinnar hefði verið í gangi eða ekki. Að öðru leyti vildi ákærði vísa til þess, sem hann hafði áður borið í málinu.

Vitnið Geir Bjarnason sendibifreiðarstjóri, Hjaltabakka 8, Reykjavík, skýrði meðal annars svo frá atvikum málsins hjá rannsóknardeild lögregluunnar á Ísafirði 18. október 1986:

„Laugardaginn 11.10. sl., einhvern tíma um kvöldmatarleytið, var ég beðinn að aka bílnum G 12548 til Ísafjarðar. Ég fór síðan síðar um kvöldið, á milli kl. 22 og 23, og sótti bílinn niður að höfn, ók að bensinstöð Esso og tók þar bensín o.fl. Síðan fór ég að verbúðinni hjá Freyju og sótti þangað þá Gunnlaug Símonarson, Geir Antonsson og Niels Jörgensson.

Eftir að þeir voru komnir í bílinn, lagði ég af stað til Ísafjarðar. Gekkt ferðin vel, þar til við vorum komnir nokkuð upp Botnsdalinn eða nálægt svokölluðu Leiti. Þar var talsverð hálsa, og byrjaði billinn að spóla og komst ekki lengra.

Gunnlaugur, sem sat við hlið mér frammi í bílnum, sagðist vera mjög illa skóaður og sagði okkur hinum því að fara út og reyna að ýta bílnum út af veginum. Þetta ætluðum við að gera, þar sem við sáum, að annar bíll var á leið upp dalinn, sem við vorum í, og við myndum hindra ferð hans. Gunnlaugur hafði reyndar skipt um sæti við mig þá nokkru áður og var búinn að aka um 50 - 100 metra, áður en við hinir fórum út úr bílnum til að ýta.

Reyndar hafði Niels farið úr bílnum, þegar við Gunnlaugur skiptum um sæti, og gekk með bílnum þennan spól.

Við fórum síðan, eins og ég sagði, út og reyndum að ýta bílnum út af og vorum að því, er billinn, sem við höfðum séð áður, kom að. Reyndist þetta þá vera lögreglubifreið, og komu lögreglumennirnir að bílnum hjá okkur og færðu Gunnlaug undan stýri og yfir í lögreglubifreiðina.

Eftir að Gunnlaugur var kominn inn í lögreglubifreiðina, ýttum við hinir bílnum út í vegarkantinn.“

Vitnið Geir Bjarnason kom fyrir dóm og staðfesti skýrslu sína hjá lögreglu. Vitnið kvað tilgang þeirra féлага hafa verið að ýta bifreiðinni út í vegarkantinn, svo að aðrar bifreiðar kæmust fram hjá. Ákærði sat við stýri bifreiðarinnar, og hún hreyfðist til, en vitnið þorði ekki að fullyrða, hvort vélin hefði verið í gangi.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknardeild lögregluunnar á Ísafirði 18. október 1986 var framburður vitnisins Geirs Mikæls Antonssonar verkamanns, Grundarbraut 9, Ólafsvík, meðal annars á þessa lund:

„Ég byrjaði að drekka áfengi þennan dag um kl. 20.00, þá í verbúðinni, þar sem ég bý. Með mér þarna voru þeir Gunnlaugur Símonarson, Geir Bjarnason og Niels Jörgensson.

Síðar um kvöldið fórum við á bifreið Óla Olsens áleiðis til Ísafjarðar, og ók Geir Bjarnason bílnum. Þegar við vorum komnir upp Botnsdalinn nokkuð langt, var þar talsverð hálsa, svo að billinn komst ekki lengra og spólaði. Þegar svo var komið, skiptu þeir um sæti Gunnlaugur og Geir, Gunnlaugur

settist undir stýri. Gunnlaugur reyndi síðan að aka áfram, en ég man ekki hvort billinn hreyfðist eitthvað áfram, ég held ekki.

Við hinir þrír fórum síðan út úr bílnum og ýttum honum áfram, en Gunnlaugur sat undir stýri og stjórnaði bílnum. Hann reyndi að aka með, þegar við ýttum, en billinn spólaði. Okkur tókst að ýta bílnum nokkuð áfram, en vorum ekki búnir að ýta honum út í vegarkantinn, eins og ætlunin var, er lögreglu-bifreið kom að okkur.“

Vitnið Geir Mikael var yfirheyrt hjá bæjarfógetafulltrúanum í Ólafsvík 13. september 1988, og var þá eftirfarandi bókað eftir vitninu:

„Vitnið kveðst lítið muna eftir atburðum. Þó kveðst það muna, að ákærði, Gunnlaugur Marteinn, ók bifreiðinni ekkert, áður en hún festist á heiðinni, en eftir að hún festist, hafi hann viljað reyna að losa hana með því að setjast undir stýri hennar og láta aðra, sem í henni voru, ýta henni. Vitnið segir bifreiðina hafa verið í gangi, þegar þetta var, en hún hafi í mesta lagi hreyfst nokkuð. Vitnið kveðst ekki muna, hversu langur tími leið, frá því að ákærði settist undir stýri bifreiðarinnar og þar til lögreglu bar þar að.

Vitnið kveðst ekki treysta sér til að segja til um það, hvort bifreiðin hafi hreyfst fyrir eigin vélarafli eða vegna þess, að henni var ýtt, eða hvort tveggja hafi komið til, þar sem langt sé um liðið, síðan atburðurinn varð.

Vitninu er nú kynnt skýrsla, sem það gaf fyrir lögreglu 18.10. 1986, og staðfestir það allt rétt, sem þar kemur fram, og undirritun sína undir hana.“

Vitnið Niels Jørgensen (nú svo), Nuuk, Grænlandi, var yfirheyrt hjá rannsóknarlögreglunni á Ísafirði 18. október 1986. Vitnið skýrði meðal annars svo frá atvikum málsins:

„Þegar við vorum komnir nokkuð upp Botnsdalinn, var þar talsverð háлка, svo að billinn komst ekki lengra og spólaði.

Sá, sem sat frammi í við hlið bílstjórans, Geirs, var Gunnlaugur Símonarson. Hann vildi þarna fá að reyna að aka, og skiptu þeir um sæti Geir og Gunnlaugur. Ég fór þá út úr bílnum og gekk á eftir og ýtti á hann. Gunnlaugur reyndi síðan að aka í um 15 - 20 mínútur og hefur komist á að giska um 400 - 500 metra með því að spóla bílnum áfram. Eftir þennan spöl komst hann ekki lengra, og fóru þá hinir farþegarnir tveir einnig út úr bílnum, og ýttum við allir á bílinn.

Þegar við vorum síðan að ýta þarna, kom lögreglubifreið að, og vorum við allir færðir til Ísafjarðar, eftir að við höfðum ýtt bílnum út í vegarkantinn.

Ég vissi, að Gunnlaugur var drukkinn, enda hafði ég verið búinn að vera að drekka með honum fyrr um kvöldið á leiðinni í bílnum.“

Vitni þetta hefur ekki verið yfirheyrt í dómi.

Vitnið Gísli B. Árnason lögregluvarðstjóri, Brautarholti 14, Ísafirði, kom fyrir dóm þar í bæ 13. apríl 1988 og staðfesti lögregluskýrslu sína í málinu. Að öðru leyti var framburður vitnisins á þessa lund:

„Vitnið kveðst muna allvel eftir atburði þessum. Sjálfstætt aðspurt (sic) lýsir vitnið atvikum á þá leið, að það hafi verið á leið frá Suðureyri til Þingeyrar ásamt Sturlu Páli Sturlusyni lögregluþjóni. Kveður vitnið snjó-lítið hafa verið í byggð, en uppi á heiði hafi verið ofankoma, en lítill snjór. Er vitnið og Sturla hafi komið að bifreið ákærða, hafi þrír menn verið að ýta bifreiðinni og einn setið undir stýri. Vitnið kveður bifreiðina hafa spólað í hálkunni og greinileg spólför hafa verið á allnokkrum kafla vegarins. Aðspurt kveður vitnið bifreiðina hafa verið í gangi, er þeir komu að henni. Vitnið kveður Sturlu Pál hafa gefið sig á tal við ökumann bifreiðarinnar og fært hann yfir í lögreglubifreiðina, þar sem vitnið var. Aðspurt kveðst vitnið hafa fundið greinilegan áfengisþef af ákærða og því hafi vitnið og Sturla Páll farið með ákærða og aðra farþega á lögreglustöðina á Ísafirði.

Aðspurt kveðst vitnið ekki hafa veitt því athygli, hvernig ákærði var búinn til fótanna.

Kveðst vitnið vilja taka fram, að það hafi greinilega séð, er bifreiðin hreyfðist úr stað, er það og Sturla Páll komu að bifreiðinni upp Botnsheiði. Vitnið kveður sig hafa séð, er þeir voru að nálgast bifreiðina, að hún spól-aði í hálkunni, og kveður vitnið bifreiðina hafa verið illa dekkjaða.

Vitnið Sturla Páll Sturluson héraðslögregluþjónn, Hjallabyggð 1, Suðureyri, skýrði þannig frá atvikum málsins við yfirheyrslu fyrir dómi á Ísafirði 18. apríl 1988:

„Vitnið kveðst muna allvel eftir atburði þessum. Skýrir vitnið svo frá, að það hafi verið á leið til Þingeyrar ásamt Gísla B. Árnasyni varðstjóra. Er þeir voru á leið frá Suðureyri, kveður vitnið þá hafa séð afturljós á bifreið uppi við svokallað Leiti á Botnsheiði, þegar þeir hafi verið staddir við Kvíanes, en þaðan sjáist upp að Botnsdal. Kveður vitnið, að greinilega hafi verið eitthvert „basl“ á bifreiðinni, þar sem hún fór hægt og skrykkj-ótt yfir, og að greinilegt hafi verið, að oft var stigið á hemla umræddrar bifreiðar. Kveður vitnið, að þegar það og Gísli áttu u.þ.b. 200 metra ófarna að bifreiðinni, hafi greinileg spólför verið á veginum. Kveður vitnið, að þegar þeir hafi komið að bifreiðinni, hafi þrír menn verið úti við að ýta, og segir vitnið, að það hafi reyndar séð það, áður en að bifreiðinni var komið. Kveður vitnið, að bifreiðin hafi spólað mikið og að áðurgreindir þrír menn hafi verið að reyna að koma henni áfram, en þó gengið treglega. Vitnið kveður vaxandi hálfu hafa verið á heiðinni, eftir því sem ofar dró. Vitnið segir, að sýnt hafi verið, að bifreiðin hefði ekki farið næstu 4 - 6 km upp á heiðina fyrir eigin vélaraffli, þar sem hún var illa búin, að því er hjólbarða varðaði.

Vitnið kveður Gísla hafa stöðvað lögreglubifreiðina, og var þá bifreið ákærða á miðjum veginum og ekki hægt að komast fram hjá henni. Vitnið

kveðst hafa haft tal af öikumanni bifreiðarinnar og þekkt hann sem stýrimann af Sigurvon. Þar sem greinilegan áfengisþef lagi af Gunnlaugi, bað vitnið hann að koma yfir í lögreglubifreiðina, og talaði Gísli þar við hann. Á meðan kveðst vitnið hafa aðstoðað við að færa bifreið ákærða yfir á vegarkantinn. Vitnið kveður þá síðan hafa fært öikumann bifreiðarinnar og hina þrjá mennina til Ísafjarðar, og hafi þar sínum afskiptum af máli þessu verið lokið.

Aðspurður kveðst vitnið ekki hafa veitt því athygli, hvernig ákærði var búinn til fótanna.“

Í sýni, sem tekið var úr blóði ákærða, fundust 1.74‰ alkóhóls.

Svo sem atvikum máls þessa hefur verið lýst hér að framan, verður talið sannað með vættum vitna, niðurstöðu alkóhólrannsóknar, sem og með hliðsjón af framburði ákærða sjálfs, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem í ákæru er lýst og þar er færð til rétttra refsíákvæða, sbr. nú umferðarlög, nr. 50/1987.

Refsing ákærða telst eftir atvikum öllum hæfilega ákveðin 20.000,00 króna sekt til ríkissjóðs og vararefsing varðhald tíu daga, verði sekt eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms.

Rétt þykir að svipta ákærða ökuréttindum í eitt ár frá birtingu dómsins að telja.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Brynjólfs Eyvindssonar héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda síns, 20.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gunnlaugur Marteinn Símonarson, greiði 20.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi í 10 daga, verði sekt eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í eitt ár frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Brynjólfs Eyvindssonar héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda síns, 20.000,00 krónur.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.